

Almennar reglur um ljósmynda- og kvikmyndatökur á jörðum í eigu Orkuveitu Reykjavíkur

1. gr. Almennt

Orkuveita Reykjavíkur er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, það er að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið.

Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannabágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. Orkuveita Reykjavíkur mun verja auðlindirnar fyrir hættum og ágengni, vegna þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækinu er falin.

2. gr. Ljósmynda- og kvikmyndatökur

Ljósmynda- og kvikmyndatökur á jörðum Orkuveitu Reykjavíkur í atvinnuskyni eru háðar samþykki. Skriflega umsókn skal senda með rafrænum hætti á or@or.is.

Umsækjendur skulu kynna sér vel þær umgenginsreglur, lög og reglugerðir sem gilda um svæði í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

3. gr. Náttúruvernd

Orkuveita Reykjavíkur leggur mikla áherslu á verndun umhverfis og lífríkis. Við ljósmynda- og kvikmyndatöku skal þess ávallt gætt að ekki sé raskað náttúru, lífríki eða sögulegum minjum.

Starfsmenn Orkuveitunnar eða dótturfélaga er heimilt að hafa eftirlitsmann/starfsmann á tökustað teljist það nauðsynlegt vegna öryggis- eða verndunarsjónarmiða. Kostnaður vegna eftirlits skal greiddur af leyfishafa.

4. gr. Stöðvun ljósmynda- og kvikmyndatöku

Starfsmönnum Orkuveitunnar eða dótturfélaga er heimilt á hvaða tíma sem er að stöðva ljósmynda- og kvikmyndatöku, ef að þeir telja að verkefni geti raskað og/eða haft einhver neikvæð áhrif á náttúru og menningarminjar, öryggi er ábótavant eða vera leyfishafa takmarkar umferð annarra gesta eða starfsmanna Orkuveitunnar.

5. gr. Umsókn um leyfi

Sækja skal um leyfi til kvikmyndatöku með minnst 14 daga fyrirvara fyrir lítil verkefni en 30 daga fyrir stór verkefni.

Lítill verk teljast þau, þar sem starfsmenn eru 10 eða færri, önnur teljast stór.¹

6. gr. Lög og reglur

Umsækjanda er skylt að ganga vel um náttúruna og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt.

Umsækjandi skal í öllu fylgja ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal m.a.

- Ekki eyða eða spilla gróðri, hvorki með mosa-, lyng- eða hrísrifi né á annan hátt.
- Aldrei aka utan vegar, þ.m.t. bifhjól, fjórhjól og annar vélbúnaður.
- Farið skal eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum þar sem því verður við komið.
- Gæta skal fyllst hreinlætis, og skylt að hirða allt rusl, úrgang, tækjabúnað og annað sem komið var með inn á svæðið.
- Gæta þess að valda ekki skemmdum á girðingum og fara um hlið/op en ekki yfir þær.
- Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi.
- Gæta þess að spilla ekki vatnsbólum, rennandi vatni eða stöðuvötnum.
- Ekki er heimilt að setja upp tjöld eða tímabundin mannvirki án sérstaks leyfis.

Umsækjandi skal, auk framangreindra laga, kynna sér eftir því sem við á reglugerð nr. 205/1973 um náttúruvernd, lög nr.85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess sem og aðrar reglur og lög sem gætu átt við.

7. gr. Tjón/slys

Umsækjandi er upplýstur um að svæði það sem hann óskar eftir aðgangi að getur verið svæði sem er ekki skilgreint útvistar- eða náttúruskoðunarsvæði og því engir stígar, varúðarskilti eða aðrar öryggisráðstafanir gerðar af hálfu landeiganda. Skal umsækjandi í slíkum tilvikum gæta sérstakrar varúðar.

Orkuveita Reykjavíkur ber enga skaðabótaábyrgð á slysum á fólki eða dauða sem má rekja til leyfis þessa.

Umsækjandi ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á tjóni á umhverfi, tjóni á girðingum og öðru í eigu landeiganda sem og öllu tjóni sem þriðji aðili getur orðið fyrir vegna athafna umsækjanda á svæðinu.

Verði umsækjandi uppvís að brotum skal hann greiða að fullu allar lagfæringar. Alvarlegri brot verða kærð til lögreglu.

¹Með starfsmönnum í skilningi þessarar greinar er átt við alla sem koma inn á svæðið á vegum umsækjanda, hvort sem um er að ræða verktaka, áhorfendur, gesti o.s.frv.

UMSÓKN

Umsókn um leyfi vegna:

Kvikmyndatöku

Ljósmyndatöku

Dagsetning, tímasetning og tímalengd verkefnis:

Staðsetning: vinsamlegast senda merкта inn á kort í viðhengi.

Tegund verkefnis:

Leiknar kvikmyndir og sjónvarpsmyndir

Heimildarmyndir

Landkynningarefni

Listrænar stuttmyndir

Auglýsingar, myndasafn/stockfootage/eða annað svipað efni

Auglýsingar í sjónvarp og kvikmyndahús

Tónlistarmyndbönd

Annað:

Stutt lýsing á verkefninu, tilgangur og markmið:

Upplýsingar um útbúnað og starfsfólk:

- Fyrirtæki:
- Tengiliður hjá fyrirtæki:
- Viðskiptavinur (fyrir hvern er unnið):
- Storyboard: (fylgi í viðhengi ef við þá)
- Fjöldi starfsmanna:
- Fjöldi leikara:
- Fjöldi statista:
- Búnaður:
- Fjöldi og stærð bíla:
- Leikmunir:
- Leikmynd:
- Tæknibrellur:
- Tjöld:
- Loftmyndatökur:
- Takmörkun á umferð:
- Annað:

Ég undirritaður staðfesti hér með að ég hef kynnt mér þær reglur sem gilda um ljósmynda- og kvikmyndatökur innan lendna Orkuveitu Reykjavíkur og ábyrgist ég að þeir sem að verkinu koma muni fara eftir þeim í hvívetna.

Staður og dagsetning.

Undirskrift umsækjanda (*prókúruhafi fyrirtækis*)

Umsókn þessari skal skilað með rafrænum hætti á or@or.is

Leyfi veitt: